




KOM DU OG SKOÐAÐU



HAFIÐ





KOMDU OG SKOÐAÐU HAFIÐ

ISBN: 9979-0-0925-X

© 2005 Sólrún Harðardóttir
© 2005 teikningar Freydis Kristjánsdóttir

Ritstjórn: Ellen Klara Eyjólfsdóttir, Hafdís Finnbogadóttir og
Margrét J. Rafnsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2005
önnur prentun 2008
Námshagstofnun
Reykjavík


Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Litróf ehf.




KOMDU OG SKOÐAÐU

HAFIÐ

Sólrún Harðardóttir er höfundur og
Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir



Hugsið ykkur að allt í kringum Ísland væru önnur lönd.
Þá væri margt öðruvísi.



Þá væri til dæmis hægt að ganga til útlanda!






Við færum líka á mis við margt. Við gætum ekki látið öldurnar elta okkur.




Við fyndum ekki fyrir særoki.
Lítill krabbi yrði aldrei á vegi okkar.
Kannski væri sjaldnar fiskur í matinn.
Við sæjum aldrei vita.

Hvað fleira dettur ykkur í hug?



En allt í kringum Ísland er haf.
Ísland er eyja.

Hafið heitir Atlantshaf.



Það er kraftur í öldunum.
Stundum bera þær með sér
grjót og litla steina. Þegar
steinarnir veltast um
rekast þeir hver utan í
annan og í botninn. Þá
brotna ójöfnur og horn.
Steinar sem hafa verið lengi
í sjónum eru því sléttir.



Þar sem sjór og land mætast er strönd.
Strendur eru margs konar eins og þið sjáið
á myndunum.





Flóð og fjara.

Í íslenskum fjörum er líf allan ársins hring.
Þar verður aldrei mjög kalt og heldur ekki
mjög heitt. Þangað berst næring af landi
og frá sjó.




Margt er að sjá í fjörunni. Þar vex þang og þari.

Alls konar dýr lifa í skjóli þangsins. Þar verður hvorki mjög heitt né kalt, þar er rakt og margir felustaðir. Sumir fuglar leita að æti í þangi.

Fjörupollar eru heimkynni margra lífvera. Lífverur í polli skrælna ekki og þar er nægt salt. Að vísu geta fjörupollar þornað og þá er voðinn vís.








*Dýrin í leirnum eru
vinsælt fæði fugla.*

Ofan í sandi og leir lifa aðrar lífverur en í þanginu. Þær eru mjög margar og smáar. Þar eru líka samlokuskeljar og ormar. Ofan í sandinum er rakt og salt. Þetta eru aðstæður sem lífverurnar hafa lagað sig að.

Saltið er nauðsynlegt þeim lífverum sem lifa í sjó.





Pegar komið er út á haf sjáum við annars konar heimkynni lífveranna. Sumar lifa ofarlega í sjónum, aðrar niðri á botni og enn aðrar mitt á milli. Margar flakka líka upp og niður.






Sums staðar er sjórinn heitur, annars staðar kaldur.




Sums staðar er hann djúpur, annars staðar grunnur.
Eftir því sem neðar dregur í sjónum verður þrýstingur
meiri og birta minni.



Í sjónum er fjölbreytt umhverfi. Þar er mikill fjöldi tegunda.
Enginn veit hvað þær eru margar. Enn eru að finnast nýjar
áður óþekktar tegundir.






Gaman er að fylgjast með hvölum. Hvalir eru spendýr og sjúga afkvæmin móður sína. Þeir eru greindir og sumar tegundir þeirra hafa þróað eins konar mál sem hljómar líkt og söngur. Hvalir eru stærstu núlifandi dýrin. Steypireyður er stærst og getur orðið þyngri en stærstu risaeðlur voru.

Við Ísland er mikið um hvali. Um borð í bátnum eru ferðamenn að skoða hvali.


Selir eru líka spendýr. Selir sýnast stundum forvitnir. Þeir geta fylgst með og elt fólk sem er í gönguferð á ströndinni!





Fuglar sem lifa úti á sjó koma í land á vorin til þess að verpa. Margir þeirra verpa í fuglabjörgum. Í björgunum er oft mikil mergð fugla og gaman er að fylgjast með þeim og hlusta á gargið í þeim.

Um aldir hafa menn veitt þessa fugla og sigið í björg til að tína egg. Það er ekki fyrir lofthrædda að fara í bjargsig, en menn lögðu ýmislegt á sig til að sækja björg í bú.





Menn fóru fljótt að nýta sér verðmæti hafsins.
Í margar aldir voru flestir Íslendingar bændur.
Þeir, eða vinnumenn þeirra, fóru á sjó á vetrum
þegar rólegt var í búskapnum.

Menn notuðu árabáta til að sækja sjóinn.

Komið var upp húsum við ströndina fyrir þá sem
réru til fiskjar. Þessi hús voru kölluð verbúðir.

Ekki voru til frystikistur í þá daga. Til að geyma
fiskinn var hann hengdur upp og þurrkaður.





Á seinni hluta 19. aldar voru það ekki lengur bara bændur sem sóttu sjóinn. Menn fóru að stunda sjómennsku allt árið og settust að við sjávarsíðuna. Nýr atvinnuvegur varð til, sjávarútvegur.

Þilskip komu til sögunnar um þetta leyti. Þau voru öruggari en árabátar og hægt var að veiða meira í hverri ferð.



Við ströndina er misgott að lenda bátum.
Á sumum stöðum er mjög brimasamt,
annars staðar er of grunnt.

Náttúruleg höfn.



*Þarna hafa bændur komið sér upp
verbúðum.*



Þar sem skilyrði voru góð komu margir sér upp aðstöðu og þyrping lítilla húsa varð til. Smám saman breyttust sumir staðirnir í þéttbýli og sjávarþorp mynduðust.

Menn eru sestir að á svæðinu og búið er að smíða bryggju svo skip geti lagst að.




Íbúum fjölgar og gerð hefur verið myndarleg höfn og skjólgarður.






Á 15. öld fóru Íslendingar að selja fisk til annarra landa. Fyrir fiskinn sem seldur var í útlöndum mátti kaupa vörur sem ekki voru til á Íslandi, til dæmis mjöl.

Fiskur er enn seldur til útlanda og gefur miklar tekjur. Sjávarútvegur er einn af aðalvinnuvegum Íslendinga.





Erfitt reyndist að fá það viðurkennt að Íslendingar réðu yfir miðunum í kringum Ísland. Það urðu meira að segja hálfgerð stríð. Þau voru kölluð þorskastríð.




Áður fyrr veiddu útlendingar mikið við Ísland. Nú hafa Íslendingar yfiráð yfir hafinu í kringum landið. Svæðið er kallað fiskveiðilögsaga. Það væri ekki gott ef hver sem er gæti komið og veitt og veitt. Hætta væri á ofveiði.



En Íslendingar sjálfir mega ekki heldur veiða og veiða. Vísindamenn rannsaka lífið í sjónum og meta hversu mikið megi veiða á hverju ári. Hvað gæti gerst ef of mikið væri veitt?


Höfn er staður þar sem skjólsælt er og skip og bátar leggjast að landi. Sums staðar eru náttúrulegar hafnir en víða hafa verið gerðir hafnar-

garðar sem veita skjól og gera höfnina enn stærri. Við höfnina er margt að sjá. Skip og bátar leggjast við bryggju. Þegar gert er við skip fara




Þau í slipp. Flutningaskip eru fermd og affermd. Fiskiskip landa aflanum. Smábátar liggja við flotbryggju. Við höfnina er líka að finna krana, gáma,


vita, baujur og bryggjupolla. Þar eru líka oft fiskvinnslur og frystihús.



Um sjóinn sigla alls konar skip og bátar. Hlutverk þeirra eru mörg.




flutningaskip




netabátur



trilla




ferja




olíuskip

Öllum skipum er gefið nafn og svo fá þau sérstakt skráningar-
númer. Fyrst koma tveir bókstafir og síðan tölustafir. Bókstafirnir
segja til um hvaðan skipin eru.

Í sjávarútvegi eru
mörg störf.






skemmtiferðaskip



skúta



skuttogari



leiðsögubátur

Fiskurinn sem veiðist fer í búðir innanlands en mest er selt til útlanda. Áður en fiskurinn er seldur er hann unnin. Fiskurinn getur verið:

- slægður
- flakaður
- snyrtur
- skorinn í bita
- roðflettur
- saltaður
- frystur
- reyktur
- soðinn niður
- þurrkaður




Fiskur er hollur matur.



Stór hluti fólksins vinnur í fiskvinnslu. Sjómenn fara á sjóinn og stundum eru þeir lengi í burtu. Það er tómlegt þegar einn úr fjölskyldunni er í burtu, en það er líka gaman þegar hann kemur heim.

Fólk býr í alls konar umhverfi. Í sjávarþorpum snýst líf fólksins mikið um sjómennsku. Íbúarnir fylgjast með skipunum þegar þau koma að landi og eru áhugasamir um afla.






Fólk í sjávarþorpum fylgist vel með veðrinu og veðurspám. Það getur verið hættulegt að vera úti á sjó í slæmu veðri. Það fiskast líka misvel eftir veðri. Sjómenn tala oft um brælu en þá er sjór úfinn og jafnvel þoka eða væta. Þá er best að vera heima!

Í sjávarþorpum er sjómanna- dagurinn mikill hátíðisdagur. Þá eru meðal annars haldnar ræður, látinna sjómanna er minnst og farið er í ýmsa leiki eða keppni. Hafið þið tekið þátt í hátíðar- höldum á sjómannadaginn?

Í sjónum í kringum Ísland eru straumar.

Úr suðri kemur hlýr straumur sem veldur því að á Íslandi er mildara veður en annars væri. Straumurinn kallast Golfstraumur. Að norðan kemur kaldur straumur. Þar sem straumar mætast eru gjarnan góð fiskimið.

Íslendingar eiga Golfstraumnum margt að þakka.

A diagram illustrating ocean currents around Iceland. The map of Iceland is shown in the center, surrounded by blue arrows representing warm currents flowing from the south and red arrows representing cold currents flowing from the north. The currents are depicted as thick, flowing lines with arrows indicating direction.

Hann á þátt í að skapa góðar aðstæður fyrir lífríkið í sjónum og milt veðurfarið gerir landið sjálft byggilegra.

Það er mikilvægt að ganga vel um hafið. Þar er okkar mesta auðlind.

Lífríki hafsins er verðmætt, þar eru mörg áhugaverð
rannsóknarefni og margt ókannað.

Vonandi eigið þið eftir að læra ennþá meira um
leyndardóma hafsins. Eitt er víst að þið getið átt
góðar stundir við ströndina, við öldugjálfur eða
brimrót, með sólhatt eða lambhúshettu.

Kannski hafið þið þegar
kynnst svona stundum og
fundið hvað þær eru
skemmtilegar.



KOMDU OG SKOÐAÐU

HAFIÐ



Yfirheiti þessa bókaflokks er *Komdu og skoðaðu ...* og við gerð efnisins var tekið mið af áherslum í námskrá í náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Kennsluefnið *Komdu og skoðaðu hafið* samanstendur af nemendabók og fjölbreyttu námsefni á vef ásamt kennsluleiðbeiningum. Þetta efni er að finna á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is

Í þessari bók sem er einkum ætluð nemendum í 2.–3. bekk er fjallað um lífríki hafsins og samskipti manns og hafs.

Sólrún Harðardóttir er höfundur efnisins.
Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir.



NÁMSGAGNASTOFNUN
www.nams.is



05943